

**Sp.**

**511. Nefndarálit**

**[177. mál]**

um till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar (EOI).

Þessi samningur leiðir yfir þjóð vora hættuna á glötun sjálfstæðis hennar, og hættuna á tortímingu þjóðar vorrar. Aldrei hefur Alþingi Íslendinga borið ríkari skylda til þess en nú að rannsaka afleiðingar þessa örlagaríkasta skrefst, sem íslenska ríkið hefur stigið, eins samvirkusamlega og frekast væri hugsanlegt, áður en það er stigið. Aldrei hefur utanríkismálanefnd fengið þýðingarmeira verkefni til meðferðar. En meðferð þessa máls í þingi og utanríkismálanefnd er með slíkum endemum, að aldrei hefur slíkt enn þekkt í þingsögu vorri, allra sízt um annað eins stórmál. Gerir þessi meðferð málsins ókleift að semja það nefndarálit um mál þetta, sem vera bæri.

Um málið sjálft verð ég því að láta nægja að birta þessa yfirlýsingu miðstjórnar Sameiningarflokks alþýðu — Sócialistaflokksins:

„Miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalístaflokksins lýsir yfir andstöðu sinni gegn inngöngu Íslands í hernaðarbandalag Norður-Atlantshafsríkjanna af eftirfarandi ástæðum:

1. Ísland hefur frá upphafi sögu sinnar aldrei farið með ófrið á hendur öðru ríki né skuldbundið sig til þátttöku í stríði fyrir fram. Vegna einangrunar lands vors og smæðar þjóðar vorrar höfum vér Íslendingar því hingað til losnað við þá ábyrgð, sem þátttaka í styrjöld veldur. Sú hætta á tortímingu þjóðarinnar, sem ný heimsstyrjöld hefði í för með sér, hefur gert friðarafstöðu Íslands að lífsskilyrði þjóðar vorrar. Svo ófrávikjanleg hefur þessi friðarstefna hingað til verið með þjóðinni að 1946 ákvað Alþingi, er Ísland gekk í Sameinuðu þjóðirnar, að ekki skyldi ljá Sameinuðu þjóðunum herstöðvar hér á landi, ekki einu sinni á ófriðartímum, þótt öryggisráðið og öll stórveldin sameiginlega færu fram á það.

Nú leggur ríkisstjórnin til, að Ísland hætti að vera hlutlaust friðarríki, en gerist hernaðarríki, þátttakandi með vissum ríkjum í hugsanlegri styrjöld, veiti þeim fyrir fram herstöðvar og viðtæk yfirráð yfir landi og þjóð á ófriðartímum, en aðstöðu og ítök til undirbúnings stríðs á friðartímum. Ísland myndi þar með afsala sér af sjálfsdáðum friðhelgi sinni, hætta að byggja tilveru sína sem sjálfstæðs ríkis á traustinu á virðingu þjóðanna fyrir rétti hvor annarrar til sjálfsákvörðunar á þrá mannkynsins eftir friði, en gera vopnavaldið — og það vopnavald annarra ríkja — að þeim grundvelli, er íslenska ríkið byggir tilveru sína á. Ísland myndi þar með einnig taka á sig allar þær afleiðingar, efnahags- og stjórnmálalegs eðlis, sem af stríðsaðild hljótask.

Hlutleysi Íslands fylgja að visu hættur, en við inngöngu í hernaðarbandalag myndu allar þær hættur margfaldast. Slíkt væri því tilræði við sjálft líf þjóðarinnar.

2. Með inngöngu í hernaðarbandalagið færi valdið yfir því, hvort Ísland lenti í ófriði úr höndum Íslendinga sjálfra og í hendur herforingjaráðs bandalagsins, sem einvörðungu liti á Ísland sem eina helztu herstöð bandalagsins án alls tillits til eigna og lífs Íslendinga. Yfirráðin yfir landi voru færu því úr höndum þjóðarinnar yfir til hervalds, sem smám saman kæmi hér á hernaðareinræði. Sjálfstæði þjóðarinnar væri með þessari þátttöku ofurselt og frelsi landsmanna fórnað.

3. Ísland, sem fyrir fimm árum fagnaði frelsi sínu eftir sjö alda nýlendukúgun, væri með þátttöku í þessu bandalagi að gerast bandamaður voldugustu nýlenduvelða heimsins, til þess að hjálpa þeim til þess að viðhalda nýlendukúgun þeirri í heiminum, sem skapað hefur auð þeirra á kostnað þrautþindra nýlenduþjóða.

4. Ísland væri með inngöngu í þetta bandalag léð auðvaldi Bandaríkjanna sem stökkpallur til árasa á alþýðuríki Evrópu og sem sprengjustöð gegn þjóðum þeim, er Evrópu byggja með oss. Slíkt væri Íslendingum því ósæmilegra sem alþýðuríki Evrópu hafa ekkert á hluta Íslands gert, en Bandaríki Norður-Ameríku hins vegar rofið á oss samninga, reynt í skjóli hersetu að kúga oss til landaafsals, knúð oss til að láta af hendi við sig dulbúna herstöð á Keflavíkurflugvellingum og brjóta nú daglega á oss lög og rétt, svo sem framkvæmd samningsins um Keflavíkurflugvöll samnar.

Miðstjórnin álitur það augljós sannindi, að svo örlagaríka ákvörðun sem þessa geti aðeins íslenska þjóðin sjálf og hún ein tekið í almennum kosningum eða þjóðar-atkvæðagreiðslu, því slík ákvörðun er flestum stjórnarskrárbreytingum þýðingar-meiri. Engir þeir þingmenn, er nú sitja á Alþingi, hafa heimild til þess að þjóðinni forspurðri að binda hana í 20 ár samningi, sem skuldbindur hana til þátttöku í styrjöld og veita eflendum aðiljum hin raunverulegu yfirráð yfir landi hennar, ef til styrjaldar kæmi. Fremji meiri hluti þingmanna það ódæði að stofna frelsi og lífi þjóðarinnar í voða með samþykkt Atlantshafssáttmálans, að þjóðinni forspurðri, þá er það verk unnið án löglegrar heimildar og íslenska þjóðin óbundin af þannig fenginni undirskrift ómerkra manna undir hernaðarsamning þennan.“

Um tildrög og meðferð málsins skal þetta tekið fram:

Bandaríkjastjórn stigur með þessum samningi, ef samþykktur verður, stærsta skref, sem hún hefur stigið til þess að leggja Ísland undir sig. Bandaríkjastjórn hefur

nú náð hættulegum fjárhagslegum kverkatökum á núverandi ríkisstjórn Íslands. Þótt efnahagsafkomu landsmanna hraki af völdum óstjórnar, þá situr ríkisstjórnin áfram við völd, beinlínis í skjóli fjárgjafa Bandaríkjastjórnar. Er nú svo komið, að stjórn Bandaríkjanna dylur ekki þetta viðsjárverða samband milli fjárgjafa sinna og utanstefnu ráðherranna, svo sem berast kom í ljós, er Bandaríkin létu tilkynna Marshallgjöf til Íslendinga að upphæð 2½ milljón dollara sama dag og þrír ráðherrar flugu frá Keflavík til Washington. Með þessum samningu eru Bandaríkin að fá greiddar „gjafirnar“ í ítökum á íslenskri grund til herstöðva þeim til handa. Og það sýnir sig hve harður húsbóndi hervald Bandaríkjanna er í því, að ríkisstjórnin beitir nú Alþingi slíku ofbeldi og lögleysum, að til þess að finna svipuð dæmi verður að leita aftur til fyrri tíma, er hirðstjórar Dana sýndu Alþingi yfiringang á niðurlægingaröldum þjóðar vorrar.

Þingmenn eru sviptir málfrelsi. Þinghúsið fyllt lögreglu og hvítlíði, sem jafnvel leggur hendur á þingmenn og bannar þeim inngöngu í þinghúsið. Þingnefndarfundir eru gerðir einskis nýtir og öll frekari rannsókn máls af hálfu sérfræðinga í alþjóðasamningum hindruð með því að keyra slíkt mál sem þetta fram með offorsi og yfiringangi.

Stærsta mál Íslandssögunnar, sem raunverulega ætti að þurfa stjórnarskrár-breytingu til þess að taka ákvörðun um, er ekki einu sinni afgreitt sem lög, heldur sem þingsályktun, er vart fæst rædd. Þegar þannig er að farið, þegar reynt er að knýja fram orlagarikasta mál, sem til kasta þingsins hefur komið, hvernig myndu þá aðfarirnar verða á eftir, ef svona mál yrði samþykkt?

Undirrót þessa alls er samsæri ameríska auðvaldsins við íslenzka auðvaldið um að íslensk auðmannastétt nútímans fái amerískt vald til aðstoðar móti eigin þjóð, gegn því að amerískt hervald fái Ísland og íslenzku þjóðina til umráða til styrjaldar-undirbúnings síns gegn alþýðuríkjum heims.

Ég hef lengi óttast, að svo færi, að slíkum völdugum samsærismönnum gegn Íslandi tækist að kúga þjóð vora og þing í skjóli svikullar ríkisstjórnar til slíks valdaafsals Íslendinga yfir landi sínu, sem samningur sem þessi verður gerður að í reynd. Ég varaði alvarlega við þessari hættu amerískrar ásóknar í grein, er ég reit 1943 í tímaritið „Rétt“ undir fyrirsögninni: „Baráttan um tilveru Íslendinga“. Þá var þegar byrjaður áróður Ameríkuaganta hér fyrir ítökum þeirra í landinu.

Baráttuna um Keflavíkursamninginn og framkvæmd hans þarf ekki að rifja upp, en sú hneykslanlega framkvæmd sýnir á hverju Íslendingar eiga von, þegar til framkvæmda þessa samnings kemur, og ef sú þjóðarógæfa gerðist, að hann yrði samþykktur.

Ég ætla svo vegna lítils tíma til þess að rita þetta nefndarálit, að ljúka því með að endurtaka eftirfarandi úr grein, sem ég reit 1947 í „Rétt“ undir fyrirsögninni: „Ísland og Ameríka“:

„Tilgangurinn er að tryggja Ísland sem ameríska herstöð. Öll sú barátta, sem afturhaldið heyr á Íslandi nú, öll hin móðursjúka æsingastarfsemi gegn Sovétríkjunum og Sósíalistaflokknum, niðar að þessu eina marki: að brjála þjóðina svo að hún í einskonar geðveikiskasti, — álika og því, sem Hitler tókst að koma þýzku þjóðinni í með skefjalausri lygaherferð blaða þeirra, sem þýzka auðvaldið gerði út, — feli ameríska auðvaldinu áfram það vald, er það nú hefur náð á Keflavíkurflugvellinum.

Það þarf enginn að fara neinar grafgötur um það, hvað það þýðir fyrir Ísland að vera amerísk herstöð. Útlendingum er það ljóst. Íslenzku þjóðinni þarf allri að vera það ljóst.

Híð nafntogaða brezka tímarit „New Statesman and Nation“ segir í grein eftir Ritchie Calder um „stríð framtíðarinnar“, þar sem höfundur ræðir um afstöðu Englands:

„Við þurfum ekki að ræða hvað Ameríka og Sovétríkin halda að þau geti unnið með svona stríði. Það er nóg fyrir okkur að hugleiða örlög okkar, ef við flækjumst

í stríð milli hnatthelminganna. Við vitum, að sá, sem á ræðst, stendur betur að vígi og það er ómögulegt að hugsa sér Stóra-Bretland sem árársaðilann. En við getum ásamt Grikklandi, Tyrklandi og Íslandi verið herstöð í fremstu víglínu fyrir Ameríku. Og „Bulletin of the Atomic Scientists“ segir í ritstjórnargrein sinni: „Það er hægt að eyðileggja þau ríki, sem verða herstöðvar í fremstu víglínu fyrir okkur, með þeim sprengjufleygum („rakettum“) og flugvélum, sem nú þegar eru til taks. Ameríka getur því aðeins haldið þessum herstöðvum með því að stofna þessum vinsamlegu þjóðum í þá hættu, að þeim verði gersamlega útrýmt og væntanlega gegn þeirra vilja“.

Hinir skynsömustu meðal Breta horfast nú þegar í augu við veruleikann.

Það verðum við Íslendingar líka að gera.

Spurningin er ekki um það, hvort Íslendingar hefðu samúð með Ameríku eða Evrópu, ef þeim lendir saman í stríði. Spurningin er ekki um það, hvort Bandaríkin eða Sovétríkin hefðu dulbúna eða opinbera herstöð á Íslandi.

Málið stendur þannig að ljái Ísland einu ríki slíkan fangstað á sér, sem Bandaríkin nú hafa, þá líta önnur ríki, sem óttast árásir frá slíku ríki á það, sem Ísland taki afstöðu og ábyrgð á sig, ef til styrjaldar kemur og breyta samkvæmt því. Ísland býður upp á að láta þurrka Íslendinga út, með því að lána sig sem herstöð. Það er ekki um það að ræða, hvort það yrðu amerískar eða rússneskar kjarnorkusprengjur, sem útrýmdu oss. Það er útrýmingin sjálf, sem við verðum að reyna að forðast. Ísland hefur ekkert að vinna við stríðið, Ísland gæti aðeins tapað því, hvor aðillinn sem ynni.

Fyrir Íslendinga er aðeins um eitt að ræða í sambandi við stríðshættu: að gera allt sem í voru valdi stendur, til þess að reyna að halda landi voru utan við styrjöld. Og fyrsta skilyrðið til þess að einhver snefill af von sé um að það takizt, er að hindra algerlega að nokkur hugsanlegur stríðsaðili hafi eða fái fangastað á landinu.

Þess vegna er það verk, sem þeir menn vinna, er vitandi um þessa hættu aðstoða ameríska auðveldið við að ná tangarhaldi á landinu, slíkt að íslenzka þjóðin fær það aldrei nóg samlega fordæmt.

Illt var það verk, sem Gissur Þorvaldsson vann 1262 og 1264. Ódæði var það, sem Kristján skrifari og aðstoðarmenn hans unnu, er þeir myrtu Jón Arason og brutu þar með síðustu mótspyrnu íslenzks frelsis á bak aftur í meir en tvær aldir.

En hvorttveggja myndi blikna hjá þeim glæp, að ofurselja íslenzku þjóðina vísvitandi undir ægilegustu drápstæki veraldarsögunnar með því að ljá erlendu ríki opinbera eða dulbúna herstöð á landinu. Slíkar aðfarir eru tilraunir til þess að myrða þjóð vora alla eða svo mikinn hluta hennar, að engu menningarlífi yrði haldið uppi á þessari ey af íslenzkum kynstofni, eftir að hún hefði verið skotspónn stærstu hervelda heims í ægilegasta stríði mannkynssögunnar.“

Nú er komið að þeirri stund, að drýgja á þann glæp að ofurselja þjóðina þannig, ef tillaga ríkisstjórnarinnar yrði samþykkt.

Ég legg því til, að þál. tillaga þessi um að heimila stjórninni að undirskrifa sáttmála þennan verði felld.

Ég mun svo bera fram á sérstöku þingskjali tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu og geri grein fyrir henni í framsögu.

Alþingi, 30. marz 1949.

Einar Olgeirsson.